Viljam.

3. Klas.

№ 14

# Viljinn

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn.

Bæjaröð „Viljans"

| | Kom | Fór |
|---|---|---|
| Djúpidalur . . . | 28. jan. | 30. jan |
| Litlidalur . . . | 30. — | 30. — |
| Stóru-Akrar . . . | 30. — | |
| Höskuldsstaðir . . | | |
| Miðhús . . . . | | |
| Þorleifsstaðir . . | 3 febr — | 4 — |
| Vaglar . . . | 4 — | 5 — |
| Hólfsstaðir . . | | 8. febr. |
| Miklibær . . . | 8. febr. | 11 — |
| Víðivellir . . . | | |
| Hella . . . | | |
| Miðsitja . . . | 15. febr. | 16. febr. |
| Sólheimar . . . | | |
| Úlfsstaðir . . . | | |

Skilist frá Úlfsstöðum til bókavarðar.

Ritstjórinn.

Fjelagsmenn eru áminntir um að blaðið gangi greiðlega, og skr. hjer á.

# Viljinn.

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

| 15. ár | Janúar 1925. | 3. T. bl. |
|---|---|---|

## Viðauki.

Í öðru tölubl. „Viljans" þ. á. hafa fjórir ritað minningarorð um síra Björn Jónsson frá Miklabæ. Ritstjórinn tileinkar þetta blað einvörðungu minningu sr. Björns og er það vel til fundið, en svo kallar hann það líka Jólablað, en það kom heldur seint til þess, því á þrettándadagskvöld kom það hingað og ræddi því jólin hér og var þá ekki meir en hálfnað með göngu sína, svo það er hætt við, að þeir sem seinast fá það geti tæplega heimfært það

til Jólagleðinnar.

Þessir fjórir menn hafa skrifað nokkuð langt mál og lengra fyrir það, að þeir hafa gengið dálítið hver inná annars verkefni og verður því sumt endurtekið, sem ekki hefði þurft að vera, en margt er þar vel sagt, og liprurt og langlega ritað — En með því menn þessir hafa haft meyt efni til að vinna úr, hafa hrotið molar af borðum þeirra, sem þeir hafa svo ekki hirt um eða tínt upp. Nokkra af molum þessum ætla eg nú að hnoða saman og gera úr þeim eftirfarandi greinarstúf, sem viðauka við minningarorðin.

Eitt af þeim störfum er sr. Björn Jónsson hafði með höndum fyrir sveitarfélag sitt var það, að hann var formaður fræðslunefndar Akrahrepps frá því fyrsta, að fræðslulögin gengu í gildi og þar til hann lét af prestskap. Starf þetta lét honum vel, enda hafði hann mikinn áhuga fyrir því og mátti svo heita að hann væri einvaldur



á því sviði; því meðnefndarmenn hans létu hann nær eingöngu ráða. Sem nákunnugur þessu starfi hans, get eg sagt það með sanni, að hann reyndi að samrýma þá svo kosti, að fá sem mesta og besta kenslu fyrir sem minst endurgjald. Þetta starf sr. Björns álít eg að hafi verið mesta og vandamesta starfið, sem hann hafði með höndum, að undanteknu embættisstarfinu.

Bókavinur var sr Björn með afbrigðum, átti hann svo stórt og vandað bókasafn, að þess eru fá dæmi. Að líkindum hefir enginn samtíðarmanna hans átt eins gott bókasafn, nema ef vera skyldi einn prestur í Húnaþingi, sem var þó miklu eldri maður og gat því ekki nema að nokkru leyti talist samtíðarmaður sr. Björns. Bókasafn sitt notaði sr. Björn mikið sér og öðrum til andlegra þrifa. Að vísu hefir sr. Björn verið vel lærður úr skóla, en óefað hefir hann mikið aukið þekkingu sína með bókalestri. Bækur sínar lánaði hann oft sóknarbörnum

sínum, því hann gat ekki neitað þeim um þann fróðleik, er þar hafði að geyma, en ant var honum um bækurnar, sem von var.

Engum manni hefi kynst eins sögufróðum og sr. Birni og gæti eg trúað því að þar hefði fróðleikur hans gengið einna lengst. Íslendingasögunum unni hann hugástum, ef svo mætti að orði komast, og þó einkum Sturlungu. Er eg þess viss að hann kunni í henni langa kafla utanbókar. Eg heyrði hann t. d. segja frá Örlygsstaðabardaga og sömul. Haugsnessbardaga og gat varla heitið að þar skeikaði orði frá sögunni. Eins mun hann hafa verið vel heima í sögu erlendra þjóða og byggi eg það á skoðun minni á ræðu einni er hann hélt á héraðsfundi fyrir nokkrum árum, því miður man eg ekki svo vel umræðuefnið að eg þori að setja það hér, en um eitthvert sérstakt atriði var það í kenningu Krists. Séra Björn greip þá til þekkingar sinnar á sögu Gyðingaþjóðarinnar, lýsti lifnaðarháttum hennar



trú og siðferði á dögum Krists og samrýmdi það við kenninguna. Þetta fanst mér hann gera af snild og mér varð í huganum að líkja honum við kennara, er væri að kenna okkur hinum skóladrengjunum, þar með taldir embættisbræður hans, svo fanst mér hann þá bera herðar og höfuð yfir okkur alla og í það sinn var eg hreykinn af honum og þótti vænt um að vera fulltrúi í söfnuði hans. Margar fleiri góðar endurminningar á eg frá fundum mínum með sr. Birni á héraðsfundi, en eg hirði eigi um að geta þeirra hér, enda gerði það alt ~~of~~ langt mál.

Sem dæmi upp á það hve sr. Björn var bókhneigður og hve mikið yndi og ánægju hann hafði af lestri þeirra skal eg geta þess, að eftir að hann varð blindur og gat ekki lesið lengur, lét hann börn sín lesa fyrir sig bækur og blöð og hlustaði á það með stakri eftirtekt, enda fylgdist hann með í öllum slíkum greinum fram að dauðastundinni.

Landsmál lét sr. Björn töluvert til sín taka, var hann ætíð fremur frjálslyndur í skoðunum, en þó sparnaðarmaður og enginn var hann æsingamaður við kosningar, eða því um líkt, og eftir minni þekkingu á honum mundi hann nú, ef á lífi væri hallast að íhaldsflokknum.

Eins og aðrir hafa tekið fram, var sr. Björn góður kennimaður, þó voru ræður hans misjafnar, eins og hjá flestum vill verða; sumar ræður hans voru lélegar, en fjöldinn allur góðar og margar ágætar, en framburðurinn var aldrei verulega góður eða hrífandi og eitt vantaði hann, sem góðan klerk og það var söngrödd, hún var sama sem engin og gat hann því lítið sungið og ekkert tónað.

Enginn prestur sem ég þekki til hefir haft meiri lýðhylli en sr. Björn. Í söfnuðum sínum var hann skoðaður sem faðir og tekið sem föður með ást og alúð, einkum og sér í lagi þegar hann var á húsvitjunarferðum sínum. Með þeim ferðum ávann hann sér mest traust og



virðingu manna. Þá talaði hann um trúmál og þau önnur hjartans mál, við fólkið á heimilunum, hvatti það til kirkjugöngu, húslestra, bænahalds og annara góðra siða. Sjálfur mun hann hafa lesið og látið lesa húslestra á heimili sínu alla tíð og þess er ég fullviss, að oft og tíðum hefir hann beðið guð af hrærðu hjarta, beðið bæði fyrir sér og sóknarbörnum sínum.

Enn þrátt fyrir alt og alt dró þó úr kirkjugöngu fólksins í sóknum sr. Björns, þó minna, en víða annarsstaðar, en hver getur ráðið við það, eða gert við því og hver getur sagt hverju það er að kenna; en ég vil segja það hafi ekki verið sr. Birni að kenna, og svo má víst segja um fleiri presta.

Búmaður var sr. Björn á gamla vísu, og græddist töluvert fé, en framfaramaður var hann enginn, hann gerði ábýlisjörð sinni fremur lítið til góða, hvað húsa og jarðabætur snerti, en sat hana vel og hirti að öðru leyti. Heim-

ilið var fyrirmynd í gestrisni, glöðu og góðu viðmóti og þrifnaði innan bæjar, sem var þó erfiðara í jafn gömlum og göllnuðum húsakynnum og þar voru, en utanbæjar vall á ýmsum endum, eins og víða vill verða, þar sem húsbóndinn getur ekki litið eftir öllu. Get og því ekki talið heimilið fullkomna fyrirmynd eins og sumir hafa gert.

Svo er sagt að sr. Björn hafi verið hneigður fyrir vín á yngri árum, en hvað sem um það var, þá höfðu Blöndhlíðingar ekkert af því að segja, því bindindismaður var hann fyrr en hann kom að Miklabæ, og var það til enda lífs síns, hélt hann bindindi sitt vel og dyggilega og var þar til fyrirmyndar eins og í mörgu öðru.

Nú held ég hafi tínt upp stærstu molana og láti því hér staðar nema. Vil aðeins bæta þessu við, séra Björn Jónsson var sómamaður í hvívetna og vandfylt er það rúm á bekki mannfélagsins er hann skipaði, en málsháttur segir „maður kemur í manns stað“ og óvíst



enn nema svo geti orðið.

Baldvin Bárðdal getur þess í endirinn á nr. 2, að enginn muni hafa þekt sr. Björn eins vel og hann. En Bald. Bárðdal má óefað segja það tvisvar, eða jafnvel þrisvar, til þess að því verði alment trúað, enda engin von til þess, að fárra ára viðkynning taki fram 20–30 ára þekkingu og reynslu, sem margt af sóknarbörnum og nágrönnum sra Björns hafa þar til brunns að bera.

Gísli Björnsson.

—

# Stökur.

–

## Níð.

1 Innst í sálar and-dyri
óspart skálum klingja
Lygi, Tál og Loddari;
lasta málin syngja.

2. Í andans láði Illmenskan
Ótryggs – sáði – korni;
sat og hjá þar Samviskan
~~sta~~ forsmáð í horni.

Hrós.

1. Góðvild ræður geði manns
gleðin flæðir víða
en bræðir allt hans
á því sviði lýða.

2. Hóf talandi hugdirfskan
hátt standandi sálin
sí vakandi samviskan
sér um vanda málin

3. Í hans hjarta elskan býr
yndið hjarta vekur.
Dygðir skarta, drambið flýr
dóma svarta hrekur.

Gísli Björnsson.



# Fáein orð

Til viðbótar „viðaukanum“ hans G. B. hér að framan. — G. B. finst það athugandi að ritstj. lét dagsetja síðasta t. bl. „Viljans“ á Jóladag og að hann kalli það þar Jólablað. Finst honum víst að það geti varla heitið því nafni, úr því að það komst ekki til allra lesenda þess um Jólin. Þessi athugas. hans finst mér nú fremur fáfengileg. Hugsaði eg að hann væri svo kunnugur, að hann vissi vel að „Viljinn“ þarf að m. k. ½ mánuð til að ganga á milli lesenda sinna. Getur hann því ekki búist við að „Viljinn“, sem aðeins er gefinn út í einu eintaki, geti komið til allra lesenda sinna í einu. G. B. veit líka vel, að hvert tölublað af blöðum þeim, sem prentuð eru og gefin eru út í fjöldamörgum eintökum, koma ekki til margra af lesenda þeirra, fyr en eftir töluverðan tíma frá því þau eru gefin út og það eins þau nr. þeirra, sem kölluð eru Jólablöð. — „Viljinn“ er því ekkert einsdæmi hvað þetta snertir.

G. B. segir ad við, sem ritudum sídasta t.bl. „Viljans" höfum ritad lengra mál fyrir þad, ad við höf-um gengid dálítid hver inná annars verkefni og því endurtekid sumt sem ekki hefdi þurft ad vera og má vera ad svo sé ad einhvejir ~~tit~~ litlu leyti hjá sumum. En þó ekki svo ad til skada sé, og má reyndar telja þad fundu lítid, þegar þess er gætt, ad fyrirfram var til tekid, um hvad hver okkar skyldi rita og við fjarlægir hver ödrum er við ritudum greinar okkar og því ekki kostur á samanburdi; en eftir þad er við höfdum, svo skylt hvad ödru, ad hætt var við því, ad við gengjum „dálítid hver inn á annars verkefni" eins og G.B. ~~orð~~ kemst ad ordi. — En úr því ad hann segir, ad sumt sé endurtekid hjá okkur, sem ekki hefdi þurft ad vera, þá furdadi mig á því, ad hann í framanritadri grein sinni, gerir sig sekan í því sama, því eg get ekki betur séd, en ad í þessari grein hans séu til endurtekningar úr greinunum í 2. tbl. „Viljans", þó þad sé med ödrum ordum ritad.

Adalefni greinar hans eru nokkrir af molum



þeim, sem hann telur hafa hrotid af bordum okkar, og við ekki hirt um ad tína upp og er þad allrar virdingarvert ad hann var svo hirdusamur ad taka þá og hnoda þeim saman — sumum hverjum. En um mola þessa, sem hann telur hafa hrotid fyrir bord hjá okkur, er þad ad segja, ad þeir eru miklu fleiri, en hann fann við fyrstu leit og má hann því leita betur ef hann á ad halda þeim öllum til haga.

Þad datt víst engum okkar í hug, sem ritudum 2. t.bl. „Viljans", ad rita svo algjörda æfiminningu sr. Björns Jónssonar, ad þar væri ekkert ósagt. Eg tók þad skýrt fram í grein minni í 2. tbl. „Viljans", ad eg mundi adeins drepa á einstök atridi, af efni því, sem eg ætladi ad rita um og svipud mun meiningin hafa verid hjá hinum greinarhöf.

Og þegar svo er, ~~þegar~~ ad madur ætlar eda þarf, ad sleppa sumu af gefnu efni, þá er vandfarinn medalvegurinn hverju sleppa skal og hverju ekki, og eins ~~um þad~~ í því hvad mikid eda lítid skal segja um hvert einstakt atridi. Mætti t.d. segja, ad G.B. hefdi

mátt fleygja sumum molunum í „viðaukka“ sínum, en hirða aðra í staðinn, en um þessháttar má utan-lega lengi deila, því sitt sýnist hverjum eins og gengur.

Stefán Jónsson.

— II.

## Stökur.

(Málshátt „ungt og gamalt á ekki saman“.)

Ilt er að mægjast elli við
ást þó megja kynni
vill fram geysast gráhærið
gleði verja minni.

Ljóð mín

Mörgu sulla í sónarskál
er sýnist snilli vera.
Ögn af gulli! Efamál.
Eg forgylli bara.

Gísli Bjarnason.



## Úr sveitinni.

—

Simbi gamli og Láki lausamaður hittust við Hellnána. Það hafði verið hláka daginn áður, en nú var hann genginn í vestrið, fyrst með krapaéljum, en nú var alt að hlaupa í gadd. Þrátt fyrir þetta var „gott veður hraustum mönnum“, eins og segir í Bj. sögu Hítdælakappa. — Láki ætlaði á „ball“, sem átti að vera á Ökrum, þá um kveldið og var því í sínum beztu fötum, en Simbi var hversdagsbúinn, enda var hann ekki í hátíðlegri erindum en það, að hann ætlaði að fara að tína hross-hár víða í sveitinni.

„Hvaðan kemur þú Simba tetur“ sagði Láki „og hvaða flakingur er á þér núna?

Simbi styggðist heldur við, því honum fanst Láki ekki sú persóna, að honum færist að sneiða upp á fyrir sér.

„Eg kem heimanað“ sagði hann og síða ofan

að . . . . . stöðum til að afla mér brauðs í sveita míns andlitis. Það er svo ónumur á akkúr sóarfi að því meir sem þú svitnar, þess meira eyðirðu þínum fjármunum. Hvað hefir þú nú farið á margar skemtisamkomur í vetur?"

„Ekki nema 4 ennþá" sagði Láki

„Enn þá," segirðu maður" sagði ~~Láki~~ Símbi gamli meir en hissa.

„Já, þykir þér það mikið; eg rétti á þær 8 í fyrra, og iðrast ekki eftir því".

„Nú er eg aldeilis vita forviða. Sveimér ef eg trúði þessu, ef eg vissi ekki fyrir fram að þetta væri satt. Eitthvað hefir alt þetta kostað".

„Ójá" sagði Láki og glotti mórauður. „Það kostaði ef eg segi þér eins og er 48 kr. 67 aura og þar fyrir utan tvíndi eg tvennum vetlingum, einum stórum trefli, tóbakspung á milli hálfs og fulls og tveimur mansjéttuhnöppum, en þarna var líka góð skemtun í aðra hönd, lasm".

„Jú eg býst við því" sagði Símbi dauflega



„Mig skal ekki undra þó þú getir ekki borgað út~~svarið þitt~~ svörin þín, þegar þú hefir þenna tilkostnað. Eg hefi heyrt að það í hitteðfyrra hafi fallið og nú sé komið lögtak á það í fyrra og ætli verði ekki „Hálfdanarheimtur" á því sem lagt var á þig í haust".

„Já, hvað ætli það geri til Símbi. Heldur þú það líði yfir mig þó Böðvar komi með lögtakslistann?"

„Hvaða Böðvar", sagði Símbi

„Veistu ekki að hann er fullmektugur fyrir hreppstjórann, þegar hann á taka lögtak. Hann fer a.m.k. einn sinni hreppinn á enda á hverju ári, til innheimtu, því fleiri en nú seinir með útsvarið þó sökndugri séu, en Láki greyið".

„Já, en skammastu þín ekki fyrir að skjótast undan lögboðnum gjöldum, ár eftir ár, og láta aðra hina síðan borga fyrir þig"

„Nei óekki! Það er eins og það á að vera, það er svo dýrðlega ótakmarkaða samábyrgð, sem „Tíminn" og „Dagur" er alltaf að prédika um og nú er orðinn einn kapituli í uppeldisfræðinni, og mér lengst fram

í „Komandi ár". En þetta þarf þú að fá útskýrt og hlustaðu nú á. Borgi ég ekki útsvarið, borgar hreppurinn. Fari eins með kaupfél. skuldina, sem er alveg áreiðanlegt, borgar Sambandið, og kfyltki ég út með því að fá berkla í borgar sýslan og landið lasin. Annars er útsvörin orðin svo há, að 100 % er óánægður af gjaldendum og 50 % klaga hvort sem þeir fá nokkra lækkun. Seinast hætta allir að borga, uns Böðvar kemur með lögtakið. Það er takmörk fyrir öllu Simbi minn!"

Þegar Láki hafði lokið þessari ræðu, stansaði hann, tók upp pontu sína og bauð Simba í nefið. Að svo mæltu stútaði hann sig hressilega og segir síðan:

„Heyrðu lasin! Nú skulum við snúa oná stedabrautina, því hún var endurbætt í haust og er nú svo slétt og góð að hægt er að aka eftir henni á hvort sem maður vill heldur bifreið eða hjólbörum"

Ekki höfðu þeir lengi gengið, er Láki datt kylliflatur í krapaelginn. Hann var á gúmmí –



stígvélum og var því skreipt þar sem svella kendi. Þegar hann var staðinn upp og búinn að hrista sig, segir Simbi:

„En að þú skulir ganga á þessum andsk.... maður. Heldur gengi ég berfættur, hvenær sem væri á árinu, en láta þetta upp á mig. Veistu úr hverju þetta er búið til maður?"

„Já, það er búið til úr gúmmí."

„O, ekki aldeilis! Mér hefir verið sagt að hvern einasta svertingja sem Þjóðverjar náðu í, lifandi og dauðan í stríðinu, hafi þeir flegið og búið þetta til úr skinnunum. Þessvegna er þetta í útlöndum kallað negrabússur. Ég fæ altaf ógleði þegar ég sé þennan skófatnað."

„Þetta er framtíðarskófatnaður akkúrat Sl., það hef ég lesið í „Komandi árum", og verður áreiðanlega keyptur og notaður, svo lengi sem nokkur negraskinnpjatla fæst" sagði Láki og lét um leið eitthvað upp í sig úr vestisvasa sínum.

„Tekur þú uppí þig líka maður?" sagði Simbi.

„Já; ekki er það nú nema stundum. Eg náði í dálítið af baðtóbaki ekki alls fyrir löngu og er nú með það seinast."

Þeir voru nú komnir út að Miklabæjarlæknum og þegar þeir stíga upp á brúna, stansar Láki, stingur niður stafnum sínum og segir:

„Hér stöndum við nú á því dýrasta vesi, sem til er í allri sýslunni og þó víðar væri leitað. Lá við borð @ hér mætti fara @ bjóða út ríkisskuldabréf, en fyrir @dstoð góðra manna þurfti þess ekki og nú er það komið upp eins og þið sjáið og ~~et~~ hefir ekkert verið til þess sparað, að það mætti, sem öruggast verða. Hefir það verið reiknað út, að það myndi þola þó 100 fílar með drápsklyfjum gengju hver á eftir öðrum yfir það í sólarhring, enda er það þrautvígt með hringingum og yfirsöngum og mun aldrei bila þó himinn og jörð forgangi."

Símbi varð hrifinn, er hann heyrði um þetta stórvirki, hann lagði af sér hrosshársrakkinn og fór nú @ athuga brúna.



Fyrst lagðist hann flatur á bakkann og horfði í gegnum vesið. Síðan skreið hann í gegnum það þrisvar sinnum og þuklaði á hverri spítu og athugaði alt sem nákvæmast, en Láki spankúleraði uppi á brúnni á meðan. Þegar Símbi hafði lokið þriðju ferðinni kom hann loksins upp og var þá orðinn rennandi blautur á höndum og fótum. Þegar hann var @ enda við @ binda á sig sokkinn segir hann:

„Ja hvað sem menn segja um vegamálastjórn hreppsins og þó hún hafi oft verið rifin og tætt í sundur, sem hráæti skinn í varga kjöftum, þá hefir henni þó hér með aðstoð góðra manna auðnast @ reisa sér þann minnisvarða sem aldrei mun undir lok líða, meðan útsvör eru á lögð og fræðslunefnd ræður farkennara".

„Þá ætti það sér ekki langan aldur" segir Láki, „því þeirri háttvirtu fræðslunefnd hefir nú þóknast @ stytta kennarann – kenslutímann vildi eg sagt hafa, uns sá lögboðni

vildi ekki líta við kenslunni. Á öllum sviðum réði sparnaður hjá henni og þarna kom margfaldur sparnaður til greina; fyrst á hrepps og landssjóðsfé, síðan á kröftum kennarans, þar næst á skæðaskinni barnanna og bókum þeirra — þarna voru ekki aukin útgjöld á neinn hátt, og þá ekki heldur aukið vitið í kollinum á krökkunum. Ef öll kensla fellur niður þá eru líka öll málaferli sem af þeim stafa úr sögunni — og það er líka sparnaður". ~~Þeir~~ 1.

Þeir félagar gengu nú þegjandi, uns þeir voru komnir út fyrir neðan Þorleifsstaði. Þá segir Láki:

„Nú er ég að hugsa um að taka að mér grenjavinslu hér í hreppi á n.k. vori. Það er helvíta dómur sem hægt er að hafa upp úr hvolpunum. Það líður ekki á löngu þar til að hvolpurinn jafngildir markaðsfola, ekki síst á þeim árum, þegar eitthvert rag er með uppbótina. Ég hefi hugsað mér að vera, rýmilegur ~~með~~ til að byrja með og set ekki annað upp við hreppsnefndina, en



að hún láti mig fá púður og hvellhettur, því högl ætla ég mér ekki að nota, því héðan af dettur engri skyttu í hug að drepa tófu, nema því aðeins að hún eigi höndur sínar að verja. Heyrðu Símbi! Viltu nú ekki slá í það að vera vökumaður hjá mér; ég borga þér 10 kr. á dag og frítt tóbak?".

„Ég veit ekki. Þetta er ónæðissamt starf og með hverju ætlar þú að borga? Svo verða málaferli út úr öllu saman, og þess konar er mér afar illa við."

„O sussu. Nú leggur hún varla á Vindárdalsgrenið, síst þessi sem þeir drápu í fyrra til allrar ólukkan, enda mun ég hafa vaðið fyrir neðan mig, þurfi ég að koma hvolpunum í dvöl. Mér dettur t.d ekki í hug að koma þeim fyrir á þeim bæjum þar sem eldavélar eru með bakaraofni. En svo ég víki nú aftur að hinu, þá getur þú haft stórfé upp úr þessu og þar að auki getur þú haft kross-

háisrakkinn þinn með þér og spurnið á hann
þegar veður væri gott og á þann hátt unnið meir
en fyrir fæðinn". —

Þeir voru nú komnir út í Miðhúsa flóa og
tók nú Simbi að reyna fyrir sér með staf sín-
um við hvert fótmál. Láki spurði, því hann
léti svo.

„Veistu ekki" segir Simbi „að hér er
pyttur einn hyldjúpur og hefir margur góður dreng-
ur í hann fallið, þar á meðal Oddur heitinn á Tyrf-
ingsstöðum. Kom hann úr kirkjuferð og teymdi
hleðahest sinn og uggði ei að sér fyr en hann
steyptist á kolsvarta kaf ofaní pyttinn. En til
allrar Guðslukku faldist hesturinn, en Oddur hafði
tekið dauðahaldi í tauminn svo klárinn dró hann
uppúr og alla leið upp í Þorleifsstaðateiga".

Jafnskjótt sem Simbi hafði endað sögu
sína, vissi hann ekki fyr en Láki hvarf, eins og
jörðin hefði gleypt hann. Varð nú Simbi hræddur
og ætlaði að taka til fótanna, en í sama bili



kemur hann auga á nábleikt andlitið á Láka
og stóð það upp úr svellinu fyrir framan fætur
hans. Hafði hann fallið svona greinilega í pytt-
inn að ei stóð upp úr nema höfuðið. Hét hann
nú ákaflega á Simba að duga sér og draga
sig uppúr slíku foraði. Simbi þorði ekki að
ganga nálægt og rétti hann því stafinn í átt-
ina til hans, en með því að Láki spann sinni
hendi í hvorn bakka á pyttinum, mátti hann
hvorugri sleppa því þá mundi hann hafa sokkið
og ekki komið upp að eilífu, varð honum því
fyrst fyrir að bíta í stafinn, því Simbi rak
hann ofan í kok á honum. Á þenna hátt
gat hann stöðvað sig á meðan hann náði í
stafinn. Tók nú Simbi að toga í stafinn, en
en ekki fékk hann dregið Láka, enda var illt að-
stöðu á hálu svellinu. Gekk svo um hríð að
ýmist dró Simbi hann uppúr til hálfs eða að
hann missti hann og kaffærðist þá Láki í hvert
skifti og lá við drukknun. Einu sinni þegar

hann kom upp úr kafinu, segir Simbi:

„Ekki veit eg hver andsk... heldur þér niðri, ef það eru ekki negrabússurnar og muntu aldrei upp komast lifandi nema þú getir losað þig við þær"

„Satt er það" segir Láki „en þá fyndist mér þú hafa til lítils hafa bjargað lífi mínu, ef bússurnar yrðu hér jarðfastar, því þó ótrúlegt sé get eg varla án þeirra lifað, mundi eg þurfa að spara kaup mitt í aðrar nýjar fyrst um sinn og verða að neita mér um allt, bæði tóbak, spír og allar samkomur og finst mér betri snöggur dauði en aumt líf, og hefði eg aldrei trúað því fyr. Reyndu nú í síðasta sinn og taktu á sem þú getur og sjáum til hvort ekkert lætur undan".

Gekst nú Simba hugur við kveinstöfum Láka, spyrnti hann báðum fótum sem fastast og rykti í af öllu afli, uns hann dró Láka upp á svellið. En um leið og hann hnykti honum uppúr, féll hann endilangur á bakið. Varð hrosshársrokkurinn undir honum, en með því að fallið var



mikið, en maðurinn þungur, kurlmölvaðist rokkurinn, svo ekki var nein spýta í honum heil. Simbi stóð seint upp og dæsti við. Hann leysti síðan ofan af sér rokkdraslið og horfði á það tárvotum augum. Láki var farinn að skafa af sér óþverrann og vinda föt sín. Síðan segir hann við Simba:

„Þú hefðir átt að hóta vegamálastjórninni hér meira en þú gerðir áðan. Henni og engum öðrum er það að kenna, að eg hafði nær því hlotið hinn háðulegasta dauðdaga. Ef hún stæði vel í stöðu sinni þyrftu hér að vera varúðarstaurar eins og á Ásh. holtsvatni og þéttriðað vírnet neglt á þá alla, eins og þeir ætla að hafa í kringum kirkjugarðinn á Flugumýri. Þá er eg viss um að hér drepi sig enginn, hvorki viljandi eða óviljandi!"

„Því var nú ver að þú gast ekki ráðið þig hér heima til fullnustu, því hvergi værir betur kominn, því sjálfum þér ertu ætíð til

skammar, hvort sem þú ert í jörðu eða á og öðr-
um til bölvunar. Einmitt fyrir það að eg var
svo armi að bjarga ~~frá~~ þínu einkis virða lífi, þá
braut eg það verkfæri, með hverju eg hefi aflað
mér brauðs vetur eftir vetur. og hvar stend eg
nú mannskratti!" !!

„Burðvitað á svellinu" sagði Láki.

Nú stóðst Simbi ekki reiðari. Að missa
fyrst rokkinn, sem mátti heita að væri orð-
inn partur af honum sjálfum og vera síðan
spottaður af þessum kóna, það kastaði fyrst
tólfunum. Hann tók rokkskrifluna og ein-
þeytti því í hausinn á Láka, svo engu mun-
aði að hann hrykki ofaní pyttinn í annað
sinn. Hann flúði því undan sem tíðast, en
í hvert sinn sem hann var í þann veginn
að losna við Simba, datt hann á svellinu
og þá náði Simbi í hann og barði hann
látlaust ýmist með stöfunum eða rokkhjólinu.
Mundi hann hafa drepið Láka þar, ef



Þorpumenn hefðu ekki runnið á hljóðið og
hlaupið ofan eftir, skilið þá og leitt þá síð-
an til bæja sinn í hvorn stað.

X.

# Þakkarávarp.

—

Eg get ekki látið það ógert, að þakka hinu
virðulega Kvenfélagi hér í hreppi, þá hlut-
tekningu, sem það veitti mér og mínum
með gjöfum fyrir Jólin.

Sendi því hérmeð kveðju mína og þökk.

Miðsitju 12. Jan. 1925

Kristján Jónsson.

— " — " — " —

## Bjartsýni

Síðar fáum sigri að ná —
sjálfsagt má því trúa,
öll vor þrá og eftir-sjá
í unað þá mun snúa — B.B.

# Skifting hreppa.

Það er nú langt síðan, að menn fengu reynslu fyrir því að stórir og örðugir hreppar voru mjög óhægilegir og hreppsþyngsli meiri í þeim, sem stafa mest af því, hversu óþægilegt sé að stjórna í stórum hreppunum — erfitt að sækja fundi og fl.

Séu hrepparnir smáir, fara hreppsbúar meira að hugsa um að hreppur sinn sé sjálfstæður og samtökin verða meiri og áhuginn almennari til allra umbóta.

En það hefir ávalt gengið svo til, að nokkrir menn hafa risið upp móti hreppsskiftingunni og búið sér til ýmsar grýlur og vandkvæði til að drepa málið. En meirihlutinn hefir þó verið með skiftingunni.

Það er búið að skifta mörgum hreppum landsins nú á síðustu árum. Og hefir það



því er og veit til gefist vel. Það eru aðallega tvö atriði, sem menn hafa lengst þráttað um. Hið fyrra er: <u>um hvaða</u> bæi eigi að skifta og annað: að koma sér saman um aðkomandi ómaga eða þurfamenn, sem gamla óskifta hreppnum bæri að taka á móti. En ~~En~~ á hvorugu þessara atriða hefir verið strandað, hjá þeim sem skift hafa. Auðvitað þyrftu fleiri mál að vera sameiginleg.

Nú viðurkenna allir hér að Akrahreppur sé of stór. En þó er það mest lega hans sem veldur óþægindum. Hann er einhver langlengsti hreppur á landinu síðan Ljósavatnshreppi í Bárðardal var skift.

Það sýnist svo, að tími væri kominn til að Akrahreppi væri skift, og hefi eg heyrt að allmargir hreppsbúar væru því máli fylgjandi.

Það eru nú undir 30 ár síðan þetta mál var vakið hér í hreppi. [En ritaði

um það 1897, í „Morgunstjörnuna“]. En það
hefir lagst útaf á koddann aftur — og sofnað.

Gaman hefði verið að vita, hvernig hrepp-
arnir hefðu staðið sig nú 1925, ef hreppunum
okkar hefði verið skift fyrir fjórðungi aldar.

Vilja ekki einhverjir rita í „Viljann“ um
þetta mál?

Baldvin B. Bárðdal.

—

## Haustvísa.

Sumarið varð að svífa á braut
sem á kvarðað tríum,
lagði að og gerði í skaut
öllum jarðar búum — G.H.

—

## Um mann.

Þekki eg sála ggg sem er
í skó nálar formi;
rétt til málamynda ber
magra sál úr ormi. — Eyfirðingur.



## Viljinn býr sig til ferðar.

### Þula.

Nú í sparifötin fer
því ferðast þarf eg um
nýja sokka næsta mér
og nærfötin víst tvenn
milliskyrtu græna og gráa
og gríðarþykkar buxurnar
skinnsokkana blásteins bláa
ber eg upp á fótunar
og þriggja tommu þykka skó
þá er nú komið af sumu nóg.
Vesti og jakka víst eg þarf
og valin axlabönd
haldgott eins og hið af torf
hreksí eg víða um lönd;
um háls minn röndótt hefi eg net
og hálslín bara ef eg get
annars ekki fer eg fet

því fínn þarf eg að vera
og ofurlítið á mér láta bera.
Kápan þegar keypt nú er
kuldann oft við glími
hefi eg því á höfði mér
hatt af Skallagrími.
Vetlinga eg vona á
þeir voru þæfðir í daga þrjá
haldgóða mjög hygg eg þá
hér er allt mjög valið —
Fer svo enda fáa skrá;
flest mun nú upp talið.

— " —

## Veganestið.

1. Ritstjórinn hann ruddi í mig rokna köku
um fermingu á alla kanta —
ekki lét hann brauðið vanta.
2. Illa bökuð ætla eg hún sé inn við miðju
en angur trúi eg ekki veiti
af því fylgdi grand af feiti.



3. Rúllupilsa rokna stór með rauðu hálsbindi
send af þessu sóma menni,
síst er á betra völ en henni.
4. Agnar lagði inn hjá mér sinn ostinn góða
og lundabagga (lista fínum)
líkur er hann pabba sínum
5. Vel um búið var það líka vonum fremur.
innpakkað í alskyns ljóðum
og umbundið með spotta góðum.
6. Frá Hjallastöðum hefi eg fengið holla fæðu —
Ísa síarar er það rjómi,
áfengur að flestra dómi.
7. Ef mig þyrstir, þá skal eg nú þar á bergja;
ágætur við innan tökum
og öllum fjandans nætur vökum.
8. Hangikjöt frá Höskuldsstöðum hefi eg líka
og með kleinum er best að sinna. —
Bætiefnin þar má finna.
9. Harðan fisk og hákarlinn eg hef frá Vöglum
það tyggur engum tanna snápur.

Síðast er það rauð og skrápur.

10. Ef ei verður endurbætt þá af og segi
þolir enginn menskur magi
munu flestir ganga úr lagi.

11. Þá er talið það sem hefi eg þegar fengið
ekki rýrt það er að vexti
áðmennegin náð á hesti.

12. Því er best að þramma á stað í þessar ferðir.
Tenn — svo brúki allann vara
áfengt mig og signi bara.

G. B.

Á því bresti ótal finn
og þótt síma vildi.
Veganesti „Vilji“ minn
verður minna en skyldi

G. B.



# Brú og sími.

—

Hinn 14. þ.m. átti að halda þingmálafund að Ökrum en sökum illviðris komu svo fáir að af fundi gat ekki orðið. Var alþm. Jón Sigurðsson mættur þar og þó ekki yrði af fundi, skýrði hann mönnum þeim er komu frá ýmsum málum þeim, er komu fyrir síðasta þing og eins frá þeim helstu málum er fyrir næsta þingi mundu liggja og afstöðu sinni til þeirra. Þá gat hann þess að síðasta þing hefði ætlað fjárupphæð til brúargerða og símalagninga á næsta fjárh.tímabili, þó það væri nú reyndar ekki stór upphæð og mundi eitthvað af því koma í þetta kjördæmi.

Nóttina eftir gisti Jón hjá mér og átti eg þá tal við hann um brýrnar á Héraðsvötnum og fl. Sagði hann, að ákveðið væri, að brúin hér fremra yrði byggð sumarið 1926 að öllu forfallalausu. Sagði að Vesturós brúin yrði byggð í sumar, eins og ætlast var, þar.

að nægilegt fé mun fengið til hennar, en í ráði
hefði verið í fyrstu að eitthvað yrði byrjað hér
fremra á brúnni líka í sumar, steyptir stöplarnir
og fleira til undirbúnings. Átti að vinna að þessu
á meðan steypan í stöplunum á Ósbrúnni væri
að harðna til fulls, áður ~~svo~~ en steypa á boganum
byrjaði. En svo hvarf vegamálastj. aftur frá þess-
ari ráðagerð og verður því víst ekki byrjað á
fremri brúnni fyr en 1926, nema ef vera skyldi
einhver lítilsháttar undirbúningur í haust (grjót-
upptekt og þ.h.). Svo á að afla öllum þeim tækj-
um sem notaðir verða við Ósbrúna og verkfærum
öllum frameftir næsta vetur og nota það þar. Við-
búið er, að hreppsbúar hér megi búast við að þurfa
að binda enda á loforð þau, um akstur á efni til
brúarinnar næsta vetur, sem þeir gáfu á fundi, fyrir
nokkru síðan. — Ekki mun alveg fastákveðið
enn, hvort brúin verður byggð hér á ferjustaðnum
eða á Miðgrundar-stokk, en telja má miklar
líkur til þess, að hún verði byggð á efri staðnum



því hann virðist að ýmsu leyti heppilegri og hafa
kosti fram yfir hinn. En um þetta atriði mun hafa
verið og er enn, nokkuð skiftar skoðanir.

Þá sagði Jón á Reynistað mér, að miklar líkur
~~væri til~~ og jafnvel vissa væri fyrir því, að nú á næstunni, ef
fjárþröng bannaði ekki, yrði símalína ~~þ~~ lögð frá Sauð-
árkróki til Víðimýrar og frá Víðimýri tvær álmur,
önnur fram í Lýtingsstaðahrepp (að Lýtingsstöðum) en
hin austur yfir Vötn og fram Blönduhlíð að Silfra-
stöðum. ~~Þ~~ Þessar símalínur hafa verið fyrir nokkru
síðan (verið) teknar upp í símalögin og bjóst Jón
við, að komið gæti til mála að línur þessar yrðu
lagðar um sveitirnar sumarið 1926. Á næsta
sumri bjóst hann við að ~~all~~ talsvert yrði unnið að
framlengingu Skagfirðingabrautar.

— u —

Það er nú orðið all langt síðan, að fyrst var
mælt fyrir brúarstæði hér á póstveginum, og það er
búið að margmæla það síðan, bæði af útlendum og
innlendum mönnum. Ekki hefir það vantað, að

vögn oft hefir það verid mælt og athugað, en þó er það skrítnasta við það, að mælingunum hefir sjaldan borið saman. Sumir hafa talið brúarstæðið næstum ómögulegt, en aðrir sæmilega gott, og hefir þetta meðal annars tafið fyrir framkvæmdunum. En þó er nú allmörg ár síðan að þessi brú var tekin upp í brúalögin og stóð hún þar, næst á eftir brúnum á Jökulsá á Sólheimasandi og Eyjafjarðará. Nú eru þær brýr báðar bygðar og þá er nú komið að þessari og hefði hún að réttu lagi átt að byggjast í fyrra. En fjárhagsörðugleikarnir hafa sett þar stól-inn fyrir dyrnar. Vonandi er að úr þeim rætist svo að við getum nú loksins fengið brúna sumarið 1926. Mega Skagfirðingar (og ekki þá síst Blönduhlíðingar) fegnir verða, þegar loksins verður yfirstiginn að fullu sá „frændi í Götu" ferðalaga þeirra, sem Héraðsvötn eru og hafa verið, með því að fá tvær brýrnar á þau. Því þau hafa ~~bein~~ verið oft óþægur farartálmi, sem beinlínis hefur valdið peningalegu tjóni árlega, með öllum töfunum óþægindunum erfiðleikunum og



hættunum, ~~sem~~ tvo við það að komast yfir þau á ýmsum tímum árs, — að því ógleymdu að þau hafa mörgum góðum dreng héraðsins að bana orðið fyr og síðar, sem ekki hefði þurft að verða, a.m.k. í mörgum tilfellum, hefðu þau verið brúuð.

Það sýnist svo, að hjá því verði ekki komist, að næstum því strax, eftir að brúin kemst upp (verði hún á Grundarstokk) komi akfær vegur (braut) yfir Hólminn, og brú á Húseyjarkvísl, og að þá höfum við akfæran veg frá S.krók fram að Vötnum. — Og svo þegar sá tími kemur að við höfum fengið akfæran veg hér út og suður Hlíðina, ja, — þá verður nú ekki amalegt að fara kaupstaðarferðirnar héðan úr sveit-inni, eða hverjar aðrar ferðir sem er!

Alt frá því, að síminn var lagður í fyrstu, að-eins hér þvert yfir sýsluna út við sjó, má segja að við fram-Skagfirðingar höfum verið hafðir skammar-lega útundan hvað símaafnot snertir. Þeir sem ráð-andi voru um það, hvar síminn var lagður, hafa máske hugsað sem svo, að Skagf. hefðu nóga hestana til

að vera sig yfir landið til að ná í símastöðvar, þó þær væru þeim nokkuð fjarlægar. En hvað sem því hefir valdið að síminn var lagður þannig í fyrstu, þá mun það líklega einsdæmi á landi hér, að jafnfjölmenn og þéttbygð sveit og Skagafjörður er, skuli ekki hafa fengið síma öll þessi ár, sem liðin eru frá því að hann var lagður fyrst, ekki hafi neitt símasamband, nema með því móti, að sækja til þess langar leiðir. En ýmsar aðrar sveitir, sem að mörgu leyti virðast hafa haft miklu minni þörf fyrir síma, þær hafa fengið hann, og sumar fyrir löngu. — Ef við verðum svo heppnir að fá símalínu fram í Silfrastaði sumarið 1926, tel eg það stórmikinn vinning fyrir sveitina. Þægindin að honum mjög mikil og í ýmsum tilfellum beinn peningasparnaður. Símastöðvar má búast við að yrðu 2–3 austan Vatna og þar eð eg hygg að hreppsbúar hér geti að miklu leyti ráðið því hvar þær eru hafðar (a.m.k. tveimur af þremur) eða mjög mikið tillit tekið til álits þeirra og ákvæða, þá væri nauðsynlegt að þetta yrði rætt og ákveðið til fulls, af



hreppsbúum, áður en til framkvæmda kemur með símalagninguna. Talsvert álitamál er [illegible] það, hvort heppilegra væri að síminn lægi yfir hjá Réttarholti og þaðan fram, eða að hann lægi yfir Hólminn og Vötnin framar. Einnig um þetta atriði þyrftu að vera ákveðnar óskir eða tillögur frá hreppsbúum hér.

Ef svo færi að við fengjum bæði brú og síma sama sumarið, þá mætti telja það hið mesta happa ár, því auk allra þægindanna, sem brýr og símar veita einstökum sveitum og héruðum yfirleitt, þá skapa þessi fyrirtæki ýmsum atvinnu í bili, og flytja á þann hátt allmikið fé inn í sýsluna.

Stefán Jónsson.

# Gátur.

—

1. Stúlkurnar vilja út af lífinu fá mig, en þegar eg kem til þeirra, þá er eg aldrei nógu falleg.
2. Í afréttarleitinni stendur bjórhúsið; á því er stóð gamla mannsins, í henni eru tvær systur úr höfðahverfi; í aðra þeirra er mark sauða, undir því er þraut þjófa; í henni er spegill sálarinnar; um hann leikur vörn mót ásóknum dauðra manna. Gagnvart marki sauða er hjarnfönn, sem smíðuð er úr gömlum heystabba; yfir henni hvílir fáksbein sem leikur í baugsæti manns.

Þessar tvær systur eru harla ólíkar, aðeins að því leyti þó, að önnur er ávalt kyr, þegar hin er á gangi, en vinna þó báðar jafnt sama verkið.



Ráðningar í næsta blaði.

—

# Skipið á hafinu
eða
## maðurinn í heiminum.

—

Heimurinn er hafið.
Maðurinn er skipið.
Viljinn er mastrið.
Trúin er stýrið.
Siðalærdómurinn er segulnálin.
Trúarbrögðin eru landabréfið.
Samviskan er skipspresturinn.
Vonin er akkerið.
Bænin er gleði – og neyðmerkin.
Vitið er stýrimaðurinn.
Skynsemin er skipherrann.
Aðgætnin er hafnsögumaðurinn.

Skilningarvitin eru skipverjar.

Girndirnar eru seglin.

Kringumstæðurnar eru vindarnir.

Hjartað er káetan.

Maginn er skipsholið.

Gleðin er góða veðrið.

Þjáningarnar eru rok-veðrin.

Góðverkin eru hinn rétti skipsfarmur.

Lestirnir eru skemdu vörurnar.

Hræsni og lygi eru skerin.

Sannleikurinn er rétta leiðin.

Eilífðin er höfnin. —

=

Snúið úr dönsku

X.X.

---

Ritstjóri: Baldvin B. Bárðdal.